

Aðalfundur Félags skógareiganda á Suðurlandi

26. aðalfundur haldinn 13. maí 2017 að Reykjum, Ölfusi kl. 10:30.

María E. Ingvadóttir formaður félagsins setti fund og kynnti dagskrá, sem var, auk aðalfundarstarfa, helguð afurðum skógarins. Tillaga hennar um Hrönn Guðmundsdóttur sem fundastjóra og Sigríði Hjartar sem fundarritara var samþykkt.

Skýrsla stjórnar sem formaður flutti er hér óstýtt:

Eins og áður, hófst starfsárið með Jónsmessugöngunni, að þessu sinni tóku á móti okkur Guðrún og Sigurður Jónsson í Ásgerði. Þrátt fyrir nokkuð úrhelli, var glatt á hjalla við grillið. Sigurður í Feng var með stóra kurlarann á svæðinu og sýndi hvernig hann virkaði, felldi tré og kurlaði.

Unnið var að því frá sumarbyrjun 2016, að fá styrk hjá SASS, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga.

Það tókst að lokum og endaði þannig að samþykkt var að Uppbyggingarsjóður mundi veita Félagi skógareiganda á Suðurlandi, 6 milljónir króna í styrk til 6 mánaða. Samningurinn felur það í sér, að ráðinn verði verkefnisstjóri og að aflað verði allra nauðsynlegra upplýsinga sem þarf við gerð viðskiptaáætlunar, sem verður lögð til grundvallar þeirri ákvörðun, hvort hagkvæmt sé að stofna rekstrarfélag um afurðir skógarbænda á Suðurlandi, vinnslu þeirra og markaðssetningu. Félagsfundur var haldinn 17. febrúar í húsakynnum SASS, þar sem skrifað var undir samninginn. Þarna var stigið mikilvægt skref og heilladrjúgt vonandi, fyrir okkur skógarbændur.

Í mars síðastliðnum var Ingvar Pétur Guðbjörnsson ráðinn verkefnisstjóri verkefnisins. Ég tel okkur lánsöm að hafa fengið hann til starfa og er hann hér með boðinn hjartanlega velkominn. Hann mun kynna sig frekar hér á eftir og fara yfir verkefnastöðuna.

Rekstrarfélag skógareiganda á að geta staðið við bakið á skógarbændum, unnið með Félagi skógareiganda, Landssamtökum skógareiganda og Skógræktinni að því að efla skógrækt á Suðurlandi. Stofna til vinnslu og markaðssetningar á skógarafurðum, vinna með hönnuðum að nýjum afurðum og arkitektum að meiri timburnotkun við húsbyggingar.

Verkefnin eru mörg og spennandi og ef vel er haldið á spilum, skilar afraksturinn góðum tekjum til skógarbænda. Það sem allt veltur á, er að skógarbændur vinni saman að sameiginlegu markmiði, sem er að gera skógarauðlindina arðbæra fyrir eigendur sína. Við eigum að standa saman í því að byggja upp öfluga atvinnugrein, sem skógariðnaðurinn mun verða hér á Suðurlandi, með tilheyrandi úrvinnslu- og þjónustufyrirtækjum og þar með enn blómlegri byggð.

Á fundi mínum snemma vors, með skógræktarstjóra, Presti Eysteinessyni, kom fram, að hann teldi ekkert því til fyrirstöðu, að skógarbændur seldu bindingu kolefnis til stórfyrirtækja sem vildu jafna eigin kolefnislosun. Hins vegar þarf ákveðna undirbúningsvinnu, það er, það þarf að taka út bindingu hveirrar jarðar, hvers reits og þá úttekt þarf að gera eftir viðurkenndum aðferðum og af viðurkenndum aðilum. Það þarf að vinna að þessum atriðum og vonandi verður það á verkefnaskrá félagsins okkar.

Rætt hefur verið um það, hvort skógarbændur á Suðurlandi ættu að feta svipaða slóð og skógarbændur fyrir norðan og austan og halda upp á Skógardaginn mikla á Jónsmessunni.

Ferðir okkar um Jónsmessu hafa tekist vel og verið vinsælar. Ef af þessari breytingu yrði, yrði fundinn annar dagur til að heimsækja skógarbýli.

Einnig höfum við velt upp þeirri hugmynd að hafa jólamarkað, helst miðsvæðis, þar sem skógarbændur kæmu með jólatré og aðrar afurðir úr skógi.

Slíkir atburðir vekja athygli á skógrækt og því sem skógarbændur eru að gera, en krefjast mikils og vandaðs undirbúnings, ef vel á að vera.

Gaman væri að heyra hvað ykkur finnst um þessar hugmyndir.

Ég þakka stjórnarmönnum fyrir gott samstarf á þessu starfsári sem nú lýkur, einnig skoðunarmönnum og öllum á skrifstofu Skógræktarinnar á Selfossi.

Gjaldkeri, Hannes Lentz, kynnti ársreikning. Einu tekjur félagsins eru félagsgjöld 155 félaga, samtals kr. 1.162.500.- Helstu rekstrargjöld eru félagsgjöld til Landssamtaka skógareigenda. Skýrsla stjórnar og ársreikningur voru samþykkt samhljóða.

Kosning stjórnar. Í stjórn sitja María E. Ingvadóttir, Akurbrekku, formaður, Sigríður Hjartar, Múlakoti, ritari, Hannes Lentz, Skógarhlið, gjaldkeri, Sigríður Heiðmundsdóttir, Kaldbak og Örn Karlsson, Sandhóli, meðstjórnendur.

Örn Karlsson hafði lokið 3ja ára kjörtímabili og gaf ekki kost á sér áfram í aðalstjórn.

Bjarnheiður Guðmundsdóttir, skógarbóndi í Stekkatúni var kosin í hans stað.

Þriggja manna varastjórn er kosin árlega.

Hildur María Hilmarsdóttir, Spóastöðum, Sigurður Sigurkarlsson, Skammbeinsstöðum, og Örn Karlsson, Sandhóli, voru kosin í varastjórn.

Skoðunarmenn til eins árs voru kosnir Ragnar G. Ingimarsson, Péturshólma, og Halldór E. Guðnason, Efra-Seli.

Árgjald: Gjaldið var kr. 7.500.- þar af fóru 4.500.- til Landssamtaka skógareigenda, en sú greiðsla var hækkuð í kr. 6.500.-

Stjórnin gerði að tillögu sinni að árgjald yrði kr. 9.000.- fyrir næsta starfsár.

Verulegar umræður urðu um ákvörðun árgjalds. Fram kom að FsS greiðir til LSE gjald per jörð auk eins aðila. Hrönn, framkvæmdastjóri LSE gerði grein fyrir viðamiklu starfi þess, sem væri einkum samband við opinbera aðila. Mörg verkefni væru í vinnslu í samstarfi við skógræktina, landbúnaðaráðuneytið og/eða Bændasamtökin, svo sem úrvinnsla afurða, reiknireglur um verðmæti skóga, kolefnisverkefnið og vegvísi um loftslagsvænni landbúnað. Reynt væri að spara í rekstri og starf framkvæmdastjóra væri komið í 70%.

Tillaga úr sal um árgjald kr. 10.000.- var samþykkt.

Ingvar Pétur Guðbjörnsson verkefnisstjóri skýrði frá starfi sínu hingað til.

Hlutverk hans er m.a. að afla gagna um viðarmagn, innflutning á vörum sem hægt er að vinna hér og markaði innan lands. Auk þess að vinna að samstarfi við bændur, sveitarfélög og skógræktarfélög og vinna að rekstraráætlun í samstarfi við Uppbyggingarsjóð Suðurlands. Ef af stofnun hlutafélags verður er horft til að félagar gætu orðið Félag skógareigenda á Suðurlandi, skógarbændur, skógræktarfélög og aðrir skógareigendur á Suðurlandi, aðrir hagaðilar, svo sem fyrirtæki sem myndu eiga viðskipti með afurðirnar og aðrir áhugasamir.

Sunnlenskir skógar eru um 30% af íslenskum skógum. Talið er að nú séu um 30.000 tonn af grisjanlegum viði sunnanlands og á næstu árum gætu um 200.000 tonn til viðbótar fallið til á Suðurlandi. Eins fellur mikið af viði til hjá sveitarfélögum

Innflutningur á sagi, kurlu og spónum eru um 20.000 tonn á ári en innanlandsframleiðsla um 7.000 tonn. Þau kísilver sem eru í farvatninu munu nota margfalt það magn.

Verkefnisstjóri hefur þegar rætt við alla sveitarstjóra á Suðurlandi sem taka hugmyndum um samstarf mjög vel. Eins hefur hann rætt við fulltrúa Skógræktarinnar á Selfossi og á Mógilsá og fleiri aðila. Á næstunni eru fyrirhuguð fundarhöld með fjölmörgum aðilum.

Verði niðurstöður af þessari vinnu jákvæðar verður verkefnið kynnt enn betur fyrir hugsanlegum hluthöfum og svona verkefni fer ekki af stað nema góð samstaða myndist meðal skógaræigenda, sem eru lykilmennirnir, enda eiga þeir aðal hráefnið.

Fyrirtækið myndi fyrst í stað horfa til einfaldrar vinnslu, svo sem kurlun, sagi og spónum fyrir innlendan markað, nokkuð sem grisjunarviður er hentugur fyrir, en jafnframt þarf að koma upp tækjakosti til að saga borð úr efni sem til fellur. Bolviður verður vaxandi hluti ræktunar. Mikilvægt er að nytjaskógrækt verði sjálfbær búgrein og til þess þarf að tryggja afurðavinnslu og verðmætasköpun.

Önnur mál:

Í framhaldi af erindi Ingvars Péturs steig María, formaður félagsins í pontu og sagði:

Eins og fram hefur komið, er mikið og merkilegt verkefni framundan hjá félaginu og verkefnisstjóra verkefnisins með Uppbyggingarsjóði.

- Að afla allra nauðsynlegra upplýsinga um framleiðslu og innflutning skógarafurða
- Að vinna upplýsingar um viðarmagn á hverri jörð, þannig að hægt verði að gera áætlun um grisjun
- Að ganga frá viðskiptaáætlun, sem verður grundvöllur ákvörðunartöku um hvort ráðist verður í stofnun rekstrarfélags.
- Að boða félagsfund með skógarbændum og kynna þessa viðskiptaáætlun og vonandi í framhaldinu, að stofna rekstrarfélag, þar sem skógarbændur verða stærstur hluti hluthafa.
- Að kanna áhuga stærri fjárfesta um þátttöku í félaginu
- Að ákveða staðsetningu á rekstraraðstöðu
- Að hefja vinnslu í takti við niðurstöður viðskiptaáætlunar
- Að ganga frá samstarfssamningi við sveitarfélög á svæðinu
- Að hefja þróunar-, markaðs- og sölustarf

Eins og hefur verið kynnt, er þegar hafinn undirbúningur þessarar vinnu. Því fyrr sem viðskiptaáætlun mun liggja fyrir því betra. Helst þyrfti hún að vera tilbúin seinni part sumars.

Samningurinn við Uppbyggingarsjóð var til 6 mánaða og er að upphæð kr. 6 milljónir. Það er nú oftast þannig að það eru peningarnir sem ráða ferðinni og auðvelda lífið þegar þeir eru til staðar. Því er það mikilvægt að við nýtum sem best það fjármagn sem við höfum. Við höfum verið að líta í kringum okkur eftir hugsanlegum fjárfestum, einnig eftir húsnæði og notuðum tækjum, svo að eitthvað sé nefnt. Einnig að safna í sarpinn varðandi reynslu og þekkingu annarra og reyna að læra sem mest af öðrum sem þekkja og vita, óþarfi að finna upp ný hjól á þessum vettvangi.

Við erum mjög meðvituð um það, að það þarf að vanda sig við að byggja upp þennan rekstur, þessa nýju atvinnugrein.

Ég óska eftir því, að fundurinn samþykki þessa vekáætlun, sem að hluta til er háð því að ákveðið verði að stofna rekstrarfélag.

Ég bið fundarstjóra að bera hana undir fundinn.

Verkáætlunin var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Jónsmessugangan: Gangan vinsæla, sem stundum hefur verið kölluð árshátíð félagsmanna, verður farin laugardaginn 24. júní, á sjálfri Jónsmessunni. Hjónin Sigurður Ólafsson og Þuríður Jónsdóttir á Giljalandi hafa boðið okkur velkomin að skoða ræktunina og ekki síður úrvinnslu þeirra. Giljaland er í nágrenni Kirkjubæjarklausturs.

Gert er ráð fyrir sameiginlegum fararskjóta, rúta myndi leggja af stað frá Rauðavatni um kl. 13 og félagar geta komið í hópinn þar sem þeim hentar.

Nánari fréttir um ferðatilhögun verða sendar félögum þegar nær dregur.

Eftir hádegisverðarhlé var gengið til dagskrár um skógarnytjar, aðrar en beinar timburnytjar.

Sigurður Haraldsson, skógarbóndi á Heylæk, var fyrstur á mælendaskrá.

Þeir sem þekkja Sigurð, vita að hann hefur alltaf augun opin fyrir því skrítna og skemmtilega í umhverfinu. Gamla fjósið á Heylæk rýmir ekki lengur kýr, heldur ýmis gömul farartæki og gamla nytjahluti, marga frá Florida, en eins hefur hann augun hjá sér á ferðum sínum innan lands. Þeir sem heimsækja hann á Heylæk hafa hrifist af stærðarinnar blómakörfum, gerðum úr afurðum skógarins, víðigreinum. Sverar greinar, sem mynda uppistöður hliðar körfunnar, eru skrúfaðar fastar á botnplötu úr krossvið. Grönnum greinum er síðan smeygt á víxl í hæfilega hæð og svo er „handfang“ úr víðigreinum til að kóróna sköpunarverkið. Sigurður sýndi myndir af körfunum heima á hlaði á Heylæk, fullum af sumarblómum. Eins sýndi hann myndir af stórskemmtilegum „garðhúsgögnum“ úr timbri, sem hann hefur séð á flóamörkuðum í Florida.

Ólafur Eggertsson, sérfræðingur á Mógilsá, flutti erindi sem hann kallaði „Nýjar nytjar úr skógi.“, eða „Þáttur skóga í lífhagkerfinu“. Þetta er sá hluti hagkerfis sem byggir á lífrænni sjálfbærni auðlinda, sem má breyta í matvæli, fóður, orku og fjölmargt annað. Lífhagkerfið er hagkerfi framtíðarinnar – hagkerfi hringrásar.

Af sjálfsþurftar-hagkerfinu tók jarðefna-hagkerfið, sem lífhagkerfið tekur við af.

Þáttur skóga er fjölbreyttur:

1. Hann veitir þjónustu: C-binding, timbur, sveppir o.fl. ferðamennska, útivist, lýðheilsa, aukin vatnsgæði, jafnara vatnsrennsli
2. Viðarafurðir: bolviður, húsmunir, byggingar
3. Lífmassi: kurl, viðarkögglar, pappír, vökaform, efnavörur.

Minnsti virðisauki er að brenna timbrið.

Byggingarefni – lífrænt plast – vefnaðarvörur – matvæli – lyf.

Orkuframleiðsla til húshitunar: Svíar nota lífmassa til húshitunar – 30% , einkum úr víðiökrum, en Ítalir nota ösp í þessu skyni.

Lífrænt plast: Í dag er 99% plasts úr jarðefnaeldsneyti, spáð er að plastþörf muni aukast um 400% fram til ársins 2050, meira plast verði í höfunum en fiskur. Lífrænt plast er í dag 30-100% dýrara í framleiðslu en það brotnar niður.

Þjóðverjar eru leiðandi í framleiðslu skógarafurða – annara en timburs.

Hér hefur aðeins verið stiklað brotkennt á punktum úr erindi Ólafs. Mikill fengur væri ef erindi hans yrði aðgengilegt skógræktarfólki.

Ólafur Oddsson fjallaði um nýttjar úr nærumhverfi – hvað getum við tekið með á markaðinn? Ýmsir eru komnir með jólatrjáaáskrifendur. Margt má bjóða með - skreytingaefni – sneiðar úr vænum trjábólum – könglar – margskonar mosi og skófir – trjágreinar, svo sem myrtuvíðir, loðvíðir, demantsvíðir, gulvíðir, allt gott með sígrænu, svo sem lífviði, þini, ýmsum furu- og grenitegundum.

Eins sýndi hann dæmi um smáhluti sem tálga má eða renna úr viðnum – lykilorðið er að prófa sig áfram – þora. Nota eigið efni, það litla skiptir líka máli.

Fyrirlesarar fengu góðar þakkir fyrir skemmtileg og fróðleg erindi.

Fundi var slitið kl. 14:15. Fundargestir voru 36

Fundarritari: Sigríður Hjartar